



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

65. tölublað 7. árgangur apríl 2018 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

Í hugum margra er Lóan hinn eini sanni vorboði. Lóan kemur oftast til landsins í kringum 24. mars.

## Lykilspurningar

### Hvað vilt þú?

Hvernig get ég hjálpað þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt þú breyta?



Hvernig viltu að þér líði?



Að hverju stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist næst?

Hvað er mikilvægt fyrir þig?



Ef þú gæti breytt einhverju, hverju myndir þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag!

Góður marsmánuður á enda með glæsilegri árshátíð hjá börnunum sem stóðu sig frábærlega og ekki var súpan hjá foreldrafélaginu síðri. Í apríl hefst nýtt þema en það er **pöddu- og fuglaþema** og þá byrjum við að fylgjast vel með hvenær farfluglarnir fara að láta sjá sig.



Gunnþór og Anna Lauga hætta í sumar, Heike fer í leyfi svo það verða töluverðar breytingar í haust. Maður kemur í manns stað og búið er að auglýsa störf. Hafið það gott um páskana.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð



## Sundkennsla

Sundkennsla grunnskólastigs hefst 3. apríl og þá þurfa allir að mæta með sundfatnað, hettu og gleraugu og annað sem tilheyrir. Leikskólastig mun einnig skella sér í sundkennslu þegar veður leyfir og það verður auglýst síðar í tölvupósti.



## Foreldraviðtöl Kötlukots

Dagana 23.-25. apríl eru foreldra- viðtöl á Kötlukoti. Foreldrar mæta í viðtal til hópstjóra og farið verður yfir veturinn og stöðu barnsins. Ef þið hafið einhverjar spurningar um þroskastöðu barnsins endilega punktið það hjá ykkur svo við getum rætt það í viðtali. Viðtals- tímarnir verða sendir út með góðum fyrirvara og mikilvægt er að láta vita sem allra fyrst ef tímasetningar henta ekki.




### Grænfáni

Ákveðið var í janúar að búa til annan umhverfissáttmála, hinn væri góður en helst til langur. Börnin komu með hugmyndir af orðum sem síðan var raðað saman í krossglímu. Börnin hafa unnið áfram með sáttmálann og má búast við honum upp á vegg innan skamms.

G

h r e y s t i  
 s j á l f b æ r n i  
 e n d u r n ý t i n g  
 j a f n r é t t i  
 n á t t ú r a  
 v i r ð i n g  
 v i s t s p o r



### Hagnýtar upplýsingar

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,  
 skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2017-2018](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: [arskogarskoli@dalvikurbyggd.is](mailto:arskogarskoli@dalvikurbyggd.is)



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Viðburðadagatal apríl 2018

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

						1 <b>Páskadagur</b>  Ingibjörg J. 10 ára 
2 <b>Annar í páskum</b> <b>Lokað</b>  <b>Dagur barna- bókarinnar</b>	3 Sundkennsla hefst á ný  	4 Bókadagur  	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19 <b>Sumardagurinn</b> fyrsti <b>Lokað</b>  	20	21	22
23 Foreldraviðtöl á Kötlukoti  	24 Foreldraviðtöl á Kötlukoti  	25 Foreldraviðtöl á Kötlukoti  	26	27	<b>28/29</b>	30 Mánudagur